

**Mál nr. 296/2011****M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****og****vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Árekstur á bifreiðastæði við Álfabakka í Reykjavík þann 19.4.2011.****Gögn.**

125. Málskot, móttakið 15.7.2011, ásamt fylgigögnum.

126. Bréf Y, dags. 27.7.2011, ásamt fylgigögnum.

127. Bréf X, dags 8.8.2011.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak til austurs úr stöðureit. Bifreiðinni B sem var í stöðureit skáhallt á móti stöðureit þeim sem A var í, var ekið aftur á bak til vesturs og beygt til hægri áleiðis til suðurs eftir akleið á milli stöðureitanna. Rákust þá saman vinstra afturhorn A og aftanverð vinstri hlið B.

Á forsiðu sameiginlegrar tjónstilkynningar sem báðir ökumenn hafa undirritað er merkt í reiti varðandi tjónsatvik á þann veg að A hafi verið ekið aftur á bak (reitur nr. 14) og B hafi verið ekið aftur á bak frá bílastæði, verið beygt til hægri og verið kyrrstæð (reitir nr. 1, 4, 12 og 14). Í gögnum málsins er ekkert frekar haft eftir ökumanni A um tildrög árekstrarins. Í viðbótarskýrslu ökumanns B um áreksturinn kemur fram að hann hafi bakkað úr stæði og numið staðar til að setja B í 1. gír. Þá hafi ökumaður A byrjað að bakka úr sínu stæði og hafi hann greinilega ekki séð B. Kvaðst ökumaður B hafa reynt að gera ökumanni A viðvart með því að flauta, en hann virtist ekki hafa orðið þess var.

**Álit.**

Í máli þessu er ekkert haft eftir ökumanni A um áreksturinn umfram það sem fram kemur í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna. Á hinn bóginn liggur fyrir lýsing ökumanns B um tildrög árekstursins. Sú lýsing samræmist því sem fram kemur í sameiginlegu tjónstilkynningunni. Við svo búið verður ekki hjá því komist að leggja frásögn ökumanns B til grundvallar við mat á sök og skiptingu sakar. Samkvæmt því var B kyrrstæð fyrir aftan A þegar síðarnefndu bifreiðinni var ekið af stað aftur á bak áleiðis úr stöðureitnum sem hún hafði verið í. Ökumaður A virðist ekki hafa vitað af B fyrir aftan sig fyrr en áresktur varð. Ökumaður A hefur því ekki gengið nægilega úr skugga um að unnt hafi verið að aka aftur á bak án hættu eða óþæginda fyrir aðra eins og honum bar, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann telst því eiga sök á árekstrinum. Eins og hér stóð á eru ekki efni til að leggja sök á ökumann B.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 23. ágúst 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.